



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 14. október 2019
MÍ201910-0049/ 6.09 / K.M.

Efni: Öldutún í landi Helluvaðs.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra frá 10. sept. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæðið Garð á Helli í Rangárþingi ytra.

Skipulagssvæðið er um 0,8 ha að stærð. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur lóðum fyrir einbýlishús.

Árið 2010 kom úr skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fornleifaskráning í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla II. II. Bindi*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum í landi Helluvaðs. Engar fornleifar voru skráðar á skipulagssvæðinu. Undirritaður starfsmaður Minjastofnunar Íslands hefur skoðað deiliskipulagssvæðið á vettvangi. Engar vísbendingar um fornleifar fundust innan svæðisins.

Þegar undirritaður starfsmaður Minjastofnunar kom á staðinn 9. okt. s.l. voru framkvæmdir hafnar á lóðunum. Búið var að grafa fyrir grunnnum húsanna, steypa grunnana og fylla að þeim. Í þeim litlu sniðum sem sýnileg voru sáust engar mannvistaleifar. Engin merki um mannvist sást heldur í uppmokstrinum úr grunnunum. Minjastofnun Íslands harmar að framkvæmdir skuli þegar hafnar á svæðinu. Stofnunin minnir á mikilvægi þess að skipulag sé ekki samþykkt né leyfi til framkvæmda gefið fyrir en fyrir liggur umsögn Minjastofnunar Íslands, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012).

Á deiliskipulagsupprættir eru sýndar vatnslagnir sem liggja eiga út frá nyrstu lóðinni til vesturs. Á þessu svæði voru skráðar tvær gryfjur (RA-307:016). Gryfjunum er þannig lýst í fornleifaskráningarskýrslu:

Tvær gryfjur eru í Veitu 014 um 365 m vestan við bæ 001. Þýfð, grösug múri sem þurrkuð hefur verið að mestu leyti. Gryfjurnar eru á svæði sem er um 15x13 m og snýr norðvestursuðaustur. Gryfja A er um 5x13 m að stærð, snýr norðvestursuðaustur. Hleðsla er á brúnum hennar sem er um 1,5 m breið þar sem breiðust og 0,5 m há. Ekki er hleðsla meðfram norðausturhlið en sú hlið

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

er upp við jarðvegsbakka sem heldur áfram til norðvesturs. Gryfjan er um 1 m á dýpt, algróin. Um 5 m norðaustan við A er gryfja B sem er um 4x2 m að innanmáli, engar hleðslur á brúnum. Hún er um 0,6 m á dýpt, gróin, snýr norðaustur-suðvestur. Fast norðaustan við B er lítil gryfja, um 1 m í þvermál og um 0,6 m á dýpt. Ekki er vitað hvaða hlutverki gryfjurnar gegndu en ekki er talið líklegt að þær séu mógrafir.

Varast ber að fara með vatnslagnirnar yfir gryfjurnar. Minjastofnun minnir á að í 22. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að friðhelgað svæði umhverfis fornleifar skuli vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæðið Garð á Hellu í Rangárþingi ytra eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð dags. 23.01.2019. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulags- og byggingarfulltrúi (birgir@ry.is)